

gerðarkostnaðurinn samtals £ 10443—10—6, og virðist hann allur eiga að dragast frá matsverðinu. Farmur skipsins var seldur á £ 7679—0—0, en frá þeirri fjárhæð ber að draga sölukostnað í Englandi, sem þykir hæfilega áætlaður 8% af söluverðinu. Samkvæmt þessu verður verðmæti hins bjargaða samtals um 630 þús- und krónur.

Að þessu öllu athuguðu þykja björgunarlaunin í heild hæfilega ákveðin kr. 160000.00. Ber stefnda að greiða stefnendum þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað (þar með talinn matskostnað), sem telst hæfilega ákveðinn kr. 8500.00.

Samkvæmt 1. tölulið 236. gr. siglingalaganna viðurkennist og sjóveðréttur í b/v Þorfinni RE 33 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Í dóminum áttu sæti þeir Árni Tryggvason borgardómari og meðdómendurnir Hafsteinn Borgþórsson útgerðarmaður og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, h.f. Valur, greiði stefnendum, eigendum og skipverjum b/v Óla Garða, kr. 160000.00 með 6% ársvöxtum frá 10. febrúar 1945 til greiðsludags og kr. 8500.00 í málskostnað. Eiga stefnendur sjóveðrétt í b/v Þorfinni R.E. 33 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. desember 1945.

Nr. 60/1944. H/f Alliance (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Sjómannafélagi Reykjavíkur
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og hrl. Theódór B. Líndal í stað
hrd. Árna Tryggvasonar og hrd.
Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um kjör sjómanns á togara.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. maí 1944, krefst þess, aðallega að hann verði

algerlega sýknaður, en til vara, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði færð niður um kr. 88.20. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Orðalag 6. gr. samnings þess um kaup og kjör á togurum, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, veitti ástæðu til að ætla, að sjómenn, er væru á togara á veiðum, en færu í land, er togarinn sigldi til útlanda með aflann, nytu réttar til launa og fæðispeninga, meðan skipið væri í þeirri för. Þykir Garðar Jónsson því hafa unnið til launa þeirra og fæðispeninga, sem áfrýjandi er sóttur til að greiða í máli þessu, og ósannað er, að Garðar hafi fengið tilkynningu um að koma til starfa í þágu áfrýjanda, meðan togarinn var í för til Englands, og verður dæmd fjárhæð því ekki lækkuð vegna vanefnda af hendi Garðars.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Alliance, greiði stefnda, Sjómannafélagi Reykjavíkur, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 23. febrúar 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., hefur Sjómannafélag Reykjavíkur höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 26. nóvember 1943, gegn Ólafi H. Jónssyni f. h. Alliance h.f. hér í bæ til greiðslu á skuld, að upphæð kr. 499.41, ásamt 5% ársvöxtum frá 1. des. 1942 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómsins. Enn fremur krefst stefnandi þess, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í b/v Kára RE 111 til tryggingar

kröfum þessum ásamt kostnaði við fjárnám og uppboð, ef til þess skyldi koma.

Stefndur krefst *ad allega* sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati dómsins, en *til vara*, að stefnukrafan verði lækkuð um kr. 88.20, að vextir verði aðeins reiknaðir frá stefnudegi og að sjóveðréttur verði ekki viðurkenndur.

Málsatvik eru þessi:

Þann 10. október 1942 var Garðar nokkur Jónsson lögskráður sem netamaður á b/v Kára, sem er eign stefnda og var að fara á isfiskveiðar. Þann 28. s. m. kom skipið af veiðum til Reykjavíkur, áður en það fór með aflann til Englands. Urðu þá 15 skipverjar eftir í landi, þar sem venja er, að miklu færri menn séu á togurum, er þeir sigla með aflann, heldur en á isfiskveiðum, og voru þeir allir afskráðir þann dag. Nefndur Garðar var einn þessara 15 manna, og leit hann svo á, að samkvæmt 1. mgr. 6. gr. samnings frá 1. sept. 1942 um kaup og kjör á togurum milli Sjómannafélags Reykjavíkur, o. fl. annars vegar og Félags íslenzkra botnvörpuskipa-eigenda hins vegar bæri honum kaup og fæðispeningar fyrir þá daga, er b/v Kári var í Englandsförinni, eða til 10. nóv. 1942, en það nemur upphæð þeirri, er stefnt er til greiðslu á. Stefndur er félagi í Félagi íslenzkra botnvörpuskipa-eigenda, en nefndur Garðar er félagi Sjómannafélags Reykjavíkur, og hefur hann framselt því þessa kröfu, er hann hyggst eiga á hendur stefnda. Þar sem stefndur hefur neitað að greiða kröfu þessa, hefur stefnandi höfðað mál þetta og gert í því framangreindar dómkröfur.

Stefnandi byggir kröfur sínar á 1. mgr. 6. gr. fyrrgreinds samnings, en þar segir svo:

„Þeir, sem ekki sigla til útlanda á togara, sem stundar veiðar, skulu halda mánaðarkaupi sínu og fæðispeningum, kr. 3.75 á dag, auk dýrtíðaruppbótar á hvort tveggja, meðan skipið er í ferðinni. Fæðispeningarnir greiðast fyrir þann tíma, sem skipverji nýtur ekki fæðis í skipinu.“

Telur stefnandi, að dómur félagsdóms, upp kveðinn 30. apríl 1943 í málinu nr. 2/1943, sé „res judicata“ um það, að fyrrgreint ákvæði bindi ekki rétt sjómanns til kaups og fæðispeninga því skilyrði, að hann hafi farið fleiri en eina veiðiferð með viðkomandi skipi eða að hann sé fastur skipverji, og þar sem nefndur Garðar hafi á engan hátt vanefnt skyldur sínar né sagt upp skiprúmssamningnum, þá beri stefnda að greiða hina umstefndu skuld.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að Garðar Jónsson hafi ekki átt kröfu til hlunninda samkvæmt 6. gr. fyrrgreinds samnings frá 30. september 1942, þar sem þetta ákvæði eigi aðeins við fasta skipverja, en ekki ihlaupamenn, sem fari aðeins eina veiðiferð, eins og nefndur Garðar hafi gert. Auk þess hafi sjómanninum í hinum fyrrgreinda dómi félagsdóms verið sagt upp, en

Garðar Jónsson hafi sjálfur sagt upp sinum skiprúmssamningi, og því verði ekkert af þessum dómi félagsdóms ráðið um það efni, er þetta mál fjallar um. Þá telur stefndur, að Garðar Jónsson hafi með vanefndum á skyldum sínum firrt sig rétti til þeirra hlunninda, sem hann kynni að hafa átt samkvæmt 6. gr. áður-greinds samnings. Samkvæmt 10. gr. þessa samnings sé útgerðarmanni heimilt að kalla þá skipverja, sem eftir verða og hafa kaup og fæðispeninga, á meðan skipið siglir með aflann, til þess að gera við veiðarfæri skipsins, sem skilin eru eftir í landi og þurfa viðgerðar, án sérstaks kaups, þó ekki yfir 2 vanalega vinnudaga á mann. Hafi stýrimaður kvatt Garðar til þessarar vinnu, en Garðar hafi ekki komið né boðið fram vinnu sína. Varakrafa stefnds er byggð á því, að nefndur Garðar hafi verið kallaður til viðgerðar á veiðarfærum skipsins, en hann ekki komið til vinnunnar, sem hann skv. 10. gr. samnings sé skyldur til að inna af hendi í tvo daga án sérstaks kaups. Sé varakrafan miðuð við, að tveggja daga kaup verkamanns sé dregið frá hinni umstefndu kröfu. Stefndur mótmælir sjóveðréttinum, þar sem meir en eitt ár var liðið, er mál þetta var höfðað, frá því er starfstíma Garðars lauk á skipinu.

Eins og segir í hinum tilvitnaða dómi félagsdóms, verður að fallast á það með stefnanda, að ákvæði 1. mgr. 6. gr. samningsins frá 30. sept. 1942 séu svo viðtæk, að ekki verði talin felast í þeim heimild til þess að binda rétt sjómanns til kaups og fæðispeninga samkvæmt þeirri grein því skilyrði, að hann hafi farið fleiri en eina veiðiför með viðkomandi skipi, né að gera greinarmun á föstum skipverjum og íhlaupamönnum. Dómurinn lítur svo á, að gegn mótmælum stefnanda verði ekki talið nægilega sannað, að Garðar Jónsson hafi sagt upp nefndum skipsrúmssamningi. Verða því þessar sýknuástæður stefnds ekki teknar til greina, og kemur þá til álita, hvort Garðar Jónsson hafi með vanefndum firrt sig þeim rétti, sem hann ella kynni að hafa átt. Samkvæmt 10. gr. fyrrgreinds samnings er útgerðarmanni heimilt að kalla skipverja til umræddrar vinnu, en ekki verður séð, að nein skylda hvíli á skipverjum að koma af sjálfsdáðum, án þess að þeir hafi verið til vinnunnar kvaddir, enda hefur ekki verið leitt í ljós í máli þessu, að nokkur slík venja hafi skapast. Hjálmar Guðmundsson, stýrimaður á b/v Kára, hefur borið það fyrir dómi, að hann hafi þann 28. okt. 1942 tilkynnt Garðari Jónssyni og öðrum hásetum, er eigi skyldu fara utanlandsferðina, hvenær þeir ættu að koma til veiðarfæraviðgerða. Af hálfu stefnanda hefur því verið andmælt, að Garðari Jónssyni hafi verið tilkynnt þetta, og þar sem hér er einungis um eitt vitni að ræða, sem er í þjónustu stefnds, og ekkert annað er leitt í ljós framburði þessum til stuðnings, þá þykir ekki vera talið nægilega sannað, að Garðar Jónsson hafi verið kallaður til þess að inna umrædda vinnu af hendi, og verður

Því heldur ekki þessi varnarástæða stefnds tekin til greina. Af sömu ástæðu verður varakrafa stefnds, um að draga kr. 82.40 frá hinni umstefndu kröfu, ekki tekin til greina, en hins vegar verður að fallast á það með stefndum, að sjóveðréttur verði ekki viðurkenndur í b/v Kára til tryggingar kröfum þessum, þar sem meir en eitt ár leið frá því, er starfstíma Garðars Jónssonar lauk í skipinu og þar til mál þetta var höfðað, og er því sjóveðréttur þessi fallinn niður fyrir fyrningu. Þá verður og að fallast á það með stefndum, að ársvextir verði aðeins reiknaðir frá stefnudegi.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 499.41 ásamt 5% ársvöxtum frá 26. nóvember 1943 til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Dóminn skipuðu: Árni Tryggvason, settur borgardómari; og meðdómendurnir Þorgrímur Sigurðsson skipstjóri og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Ólafur H. Jónsson f. h. Alliance h.f., greiði stefnanda, Sjómannafélagi Reykjavíkur, kr. 499.41 með 5% ársvöxtum frá 26. nóvember 1943 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. desember 1945.

Nr. 99/1945. Valdstjórnin (Sigurður Ólason)

gegn

Klængi Randver Jóni Kristjánssyni

(Theódór B. Líndal).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á umferðarlögum, bifreiðalögum og áfengislögum.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Kærði hefur viðurkennt að hafa neytt vins við akstur hér í bænum að kvöldi þess 15. júlí 1944. Hann kveðst ekki muna, hvað hann hafðist að nóttina eftir, en næsta morgun vank-